

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 2005

Nr. 718

1618

2. ágúst 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi svifbrautar í Hlíðarfjalli, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. maí 2005 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingar á deiliskipulaginu felast í því að skipulagssvæðið er stækkað og þar gerð grein fyrir mannvirkjum til snjógerðar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 2. ágúst 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfultrúi.

Nr. 719

4. ágúst 2005

REGLUGERÐ

um línuúvilnun.

1. gr.

Frá og með 1. september 2005 má við línuveiðar dagróðrabáta í einstökum róðrum landa 16% umfram þann afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks þeirra. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri um borð í bátnum.
2. Að bátur komi til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða úr þeirri höfn.
3. Að sjálfvirkt tilkynningakerfi bátsins sé virkt.
4. Að skipstjóri tilkynni um upphaf og lok róðurs skv. 4. gr.
5. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflaupplýsingakerfið Lóðs, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína samkvæmt upplýsingum skipstjóra.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuúvilnun í þorski á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir, 1.472 lestir af ýsu og 644 lestir af steinbít, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins: